



**FUNDARGERÐ**  
**8. fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps**  
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , fimmtudaginn 7. nóvember 2024**  
**og hófst hann kl. 14:30.**

**Fundinn sátu:**

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

Klara Viðarsdóttir sat fundinn undir dagskrárliðum 1-3.

**Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit jan-sept 2024- Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps. - 2411007**

*Lagt fram rekstraryfirlit Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps fyrir tímabilið jan-sept 2024.*

Lagt fram yfirlit um rekstur Vatnsveitunnar janúar til september.

Fjárfesting lítur út fyrir að vera innan áætlunar og rekstur í jafnvægi.

**2. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps 2025 - 2411008**

*Lögð fram Fjárhags- og fjárfestingaráætlun 2025-2028 lögð fram til kynningar og umræðu.*

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2025.

Tillaga gerir ráð fyrir að tekjur verði 140mkr og rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 16,8mkr. Fjárfesting ársins verði 37mkr.

Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu.

Samþykkt samhljóða.

**3. Gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps 2025 - 2411009**

*Lögð fram drög að gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps til umræðu.*

Lögð fram drög að gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps til samþykktar.

Lagt er til að hækka gjaldskrá um 3,5%

Samþykkt samhljóða.

**4. Ósk um endurskoðun samnings um vatnstöku í Traðarholti. - 2411006**

*Ósk frá íbúum Mariúvalla um endurskoðun á samningi um vatnstöku.*

Lagt til að fela forstöðumanni eign- og framkvæmdaviðs og formanni stjórnar

*UHG*  
*EW*

Vatnsveitunnar að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.


## 5. Yfirlit veitustjóra. - 2310057

*Farið yfir daglegan rekstur Vatnsveitunnar.*

THT fór yfir daglegan rekstur Vatnsveitunnar það sem liðið er af árinu 2024, hefur reksturinn gengið nokkuð vel. Áskoranir hafa verið með að afhenda nægt vatn og þrýsting hjá stórnötendum eins og fyrir Reykjagarð á Hellu. Einnig er áskorun um að halda vatnsþrýstingi á húsum sem standa hátt á veitusvæðinu. Reynt hefur verið að bregðast við með úrbótum á þessum stöðum.

Verið er að undibúa mælavæðingu hjá stórnötendum á svæðinu og farið hefur verið í vettvangsskoðun á flestum stöðum og aðstæður skoðaðar með uppsetningu í huga. Verið er að bíða eftir verðum í mæla- og aflestrarbúnað.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.**

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Þráinn Ingólfsson

  
Eydís Þ. Indriðadóttir





Tómas H Tómasson -